

Svanborg R Jónsdóttir prófessor á Menntavísindasviði  
Sérfræðingur í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt

10.mars 2020

Umsögn um **Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030.**

Margt gott má sjá í tillögunum, einkum sú nútímasýn sem m.a. sést í heildarsýninni: „Menntun og hæfni einstaklingsins er lykilforsenda þess að Ísland mæti áskorunum framtíðarinnar sem felast í örum breytingum á samfélagi“.

Það er meðal annars ánægjulegt að sjá að í tillögunni er nýsköpunar- og frumkvöðlamennt tilgreind sem eitt af markmiðum í íslensku menntastefnunni. Það er jákvætt að slíkar áherslur eru fléttaðar gegnum nokkra kafla í tillögunni. Það er þó of veikt orðað til að geta orðið sú fyrirmynd og leiðarljós sem stefna um nýsköpunar- og frumkvöðlamennt þarf að vera ef hún á að hafa áhrif á skólastarf frá leikskóla til háskóla.

Í kaflanum Jöfn tækifæri til menntunar, undirkaflanum *Sköpun, gagnrýnin hugsun og hagnýting þekkingar* væri æskilegt að bæta við efnisgrein sem talar ákveðið til skólafólks um þá skyldu að nýsköpunar- og frumkvöðlamennt skuli vera fastur hluti af grunnmenntun fólks á Íslandi. Til dæmis byrji ný efnisgrein á eftir menningarorðræðu samfélagsins – og verði svohljóðandi:

Í skapandi starfi og lausnaleit gefast tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt og taka þátt í að móta menninguna. Unnið verði með nýsköpunar- og frumkvöðlamennt, aðferðafræði og aðferðir, með samfellu og stíganda gegnum skólastarf frá leikskóla, gegnum allan grunnskólann, framhaldsskóla og háskóla.

Slíkar áherslur og aðferðir eru ekki viðbót við skólastarf heldur ákveðið form og aðferðafræði sem hagnýtir þekkingu, reynslu og sköpun nemenda í þeim viðfangsefnum og til þeirra hæfnimarkmiða sem stefnt er að. En það er mjög miklægt að skólafólk hafi stuðning til að vinna á þann hátt með því að það sé skýr menntastefna um námssviðið svo það sé ekki tilviljunum háð hverjir vinna á þann hátt og hvaða börn og ungmenni fá tækifæri til að njóta þeirrar eflandi uppeldis- kennslufræði sem slíkt nám og kennsla býður uppá.

Virðingarfyllt

Svanborg R Jónsdóttir prófessor á Menntavísindasviði  
Sérfræðingur í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt